

Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn
 Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórnar: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður: Helgar-Tímans; Illugi Jökullsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Frída Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Halldór Valdimarsson, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Orn Pétursson (Íþróttir), Skaffi Jónsson. Utliðs- teiknunar: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Robert Agústsson, Elin Ellertsdóttir. Myndaöfn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarir: Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.
 Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 5.00. Askriffargjald á mánuði: kr. 85.00 — Prentun: Blaðaprent h.f.

Óhagkvæm prósentá

„Prósentan hefur ávallt verið bændum óhagkvæm“, er haft eftir gömlum þingskörungum og bændahöfðingja. Hér skal engum getum að því leitt hvort prósentan hafi leikið bændur grátt og skert afkomu þeirra, en það liggur í augum uppi að fjölmennur þjóðfélagshópur býr við óhagkvæma prósentu og hefur gert lengi. Það er láglaunafólkið.

Fjórum sinnum á ári eru reiknaðar út verðbætur á laun og laun hækkun samkvæmt því. Allir fá sömu prósentuhækkun, sem þýðir að þeir sem hærri hafa launin fá hærri upphæð í sinn hlut en þeir láglaunuðu, og launabilið breiðkar. Þegar næst er reiknað eykst bilið enn og svo koll af kolli. Það liggur í augum uppi að í tímans rás og eftir því sem þessari reiknikunst er oftast beitt, breiðkar bilið og misréttið eykst.

Stjórnvöld hafa reynt að hægja á þessari óheillaþróun með því að takmarka verðbætur á hærri laun, en atvinnurekendur hafa gert sér lítið fyrir og ákveðið að greiða öllum starfsmönnum sömu hækkunarprósentu og enginn getur bannað þeim það, því að í kjarasamningum er samið um lágmarkslaun en engin ákvæði eru um hve há laun greiða meg.

Það er orðin löngu viðtekin regla í kjarasamningum, að allir launþegar fái því sem næst sömu hækkunir, og oft fá þeir sem betur mega, meiri launahækkunir en aðrir. Skekkir þetta dæmið jafnvel enn meir og virðast samningamenn vinnumarkaðarins aldrei skeyta um það óréttlæti er þeir stuðla að við endanlega gerð kjarasamninga, þrátt fyrir stóryrði um að brýna nauðsyn beri til að bæta kjör hinna láglaunuðu þegar verið er að undirbúa kröfur og gagntilboð. Upp í láglaunafólkið er stungið dúsu í formi einhverra félagsmálapakka, sem einkum hafa sér til ágætis að auka útgjöld ríkissjóðs og hægt er að telja fólki trú um að þarna hafi það nú heldur betur fengið kjarabætur.

Eitt hið undarlegasta við þetta stigmagnandi ranglæti er að þeir, sem einkum þykjast bera hagláglaunafólks fyrir brjósti, halda í það dauðahaldi og bregðast hinir verstu við ef imprað er á að breyta þessu steinrunna kerfi eins og fara eigi að fremja helgisþjöll. Þá er æpt á torgum um kauprán, kjaraskerðingu, minnkun kaupmáttar og hvað þetta nú allt heitir. Það er rétt, að kjör hálaunamannanna yrðu skert, ef hróflað yrði við þessari heilögu kú, en með skynsamlegum aðgerðum væri áreiðanlega hægt að rétta hlut hinna láglaunuðu, eða að minnsta kosti að koma á jöfnuði sem breikkaði ekki ávallt bilið milli launataxtanna á sjálfvirkan hátt.

Það er samdóma álit allra, að verðbólgan rýri efnahag láglaunafólks fremur en hinna efnameiri. Samkvæmt því væri það fyrst og fremst hagur hinna efnaminni og tekjulágu að sporna við þeirri verðbólguþróun sem við búum við. Verðbólga á sér margar orsakir, og það er ekkert einfalt mál að kveða hana í kútinn, en það mætti örugglega draga verulega úr henni ef samkomulag næðist um að hægja á sjálfvirkri vixlþróun verðlags og launa og tryggja með því bættan hag láglaunafólksins sem allir þykjast bera umhyggju fyrir í orði en stuðla að auknu misrétti á borði.

O.Ó.

menningarmál

Varnarrit fyrir stjórnkerfið

Vilhjálmur Hjálmarsson:

Raupað úr ráðuneyti

Innan dyra á Hverfisgötu 6 í fjögur ár og fjóra daga.

Bókauktgáfan Þjóðsaga 1981.

Þetta er óvenjuleg bók. Hér segir fyrrverandi ráðherra frá sínum ráðherradömi. Augljóst er að það er gert í þeim tilgangi að glöggva fyrir lesendum hvernig málum er ráðið og að þeim unnið á æðstu stöðum. Og ekki mun þess vanþörf því að hætt er við að ymsir séu heldur illa að sér um stjórnkerfið. Þetta er því þörf lesbók fyrir ymsa því að þekking á þjóðfélagsmálum er öllum nauðsynleg í lýðræðislandi.

Menntamálaráðuneytið kemur víða við sögu. Til þess er leitað vegna býsna margra og allskonar mála. Hér þarf engan meting milli ráðuneyta um hverra mál séu mikilvægust. En í sambandi við uppeldismálin, megum við jafnan hafa í huga það sem Magnús sálarháski sagði þegar verið var að ræða norður í Skagafirði, á hverju ætti að byrja þegar þingið íslenska hefði fengið fjárveitingavald og löggjafarvald 1874. Hann sagði: „Auðvitað á að byrja á börnunum“.

Í lýðræðislandi gerast hlutirnir þannig að fyrst vekur einhver máls á því að eitthvað sé ekki nógu gott. Þarna er vanrækt verkefni eða ófugt staðið að einhverju. Takist honum að vinna aðra á mál sitt verður tekið undir við hann og síðan bindast menn samtökum um að knýja fram aðgerðir. Þá eru stofnuð félagsmátök eða einhver hinna eldri félaga fengin til að taka málið að sér. Svo er kannski flutt þingsályktunartillaga um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um málið. Verði hún samþykkt má



Vilhjálmur Hjálmarsson.

búast við að ráðuneytið feli ákveðnum mönnum að vinna það verk.

Þetta er hin eðlilega leið í lýðræðislandi. Hún þykir kannski seinfarin og margorð og pappirsfrek, en samt þekkjum við ekki aðra farsælli.

Þessi minningabók Vilhjálms Hjálmarssonar fjallar að verulegu leyti um þessi vinnubrögð. Auðvitað eru þau ekki rakin að rótum því að ekkert nær til ráðuneytisins fyrr en búið er að koma af stað einhverri hreyfingu um það. Hitt er annað mál að nýjar hugmyndir um framkvæmd viðurkenndra verkefna geta komið beint og milliliðalaust til ráðherra. Eflaust hefði Vilhjálmur getað nefnt dæmi um slíkt en um það er hann fáorður. Hann sleppir alveg að raupa af því. Og raunar held ég að maðurinn sé tiltölulega laus við grobb og drýgindi í þessari bók sinni.

Það er þjóðkunnugt að Vilhjálmur á Brekku er léttur í máli og hispurslaus í tali. Vera má að nærri liggja einhvertíma að lesanda finnst að frásögnin sé því líkust sem ögn sé fært í stíl. Svo mun þó naumast vera. Þegar vel er gáð, reynist orðalagið vera svo að hann hafi heyrð eða sagt hafi verið. Og slíkt gat auðvitað verið snertispól frá nákvæmstu staðreyndum.

Fjöldi myndra er í bókinni, andlitsmyndir af meira og minna þjóðkunnun fólki og myndir teknar við ýmiskonar tækifæri. Sumar þeirra munu þykja sögulegar, aðrar hafa einkum sér til gildis að þær eru skemmtilegar. Eg nefni hér tvær sem sýna að dugandi konur að sækja mál sitt fyrir ráðherra. Þær þykja mér ágæt.

Eins og gefur að skilja kemur fjöldi manna við sögu í þessari bók. Vilhjálmur ber mönnum söguna vel og er umtalsgóður. Auðvitað segir hann frá ágreiningsmálum sem deilt var um af fullri alvöru. Venjulega finnst honum andstaðan skiljanleg og réttmæt frá sjónarmiði hinna. Út af ber þó um löggjöfina um sérstakan fræðslustjóra í hverjum tíupúsund manna bæ. Sú löggjöf var knúin fram en svo var það heldur ekki meira. Bókstafurinn stendur og þetta eru lög, en svo er það búið. Sigurinn vannst en honum ekki fylgt eftir. Löggjöfin var óþörf og meira en það. En það má líka læra af þessari sögu. Ef menn geta lært.

Ég lit á þessa bók sem skemmtilega og trausta lesbók um stjórnsýsluþætti í samtið okkar. Hún er létt og fróðleg. En bak við þessa frásögn ætla ég að lesendur greini mynd af söguinni. Og það mun verða gedþekkt mynd sem gott er að skoða.

Því má svo við bæta að með þessari frómu og yfirlætislausu frásögn er raunar svarað talsverðu af þeim rögi sem stöðugt er haldið uppi um hið „ómanneskjulega kerfi“. Til þess hygg ég að bókín sé skrifuð í og með a.m.k.. Og óhróðrinum er svarað vel. Það vænti ég að fjöldi stjórnngæslumanna finni og meti.

H.Kr.

Haukur Clausen sýnir að Kjarvalsstöðum

Kjarvalsstaðir
 Haukur Clausen
 málverkasýning
 28. nóv.-13. des. 1981
 105 myndir.

Málaraglugginn og rafmagnsbókin

Mér er það minnisstætt þegar ég var drengur, að oft voru sýnd málverk í sýningarglugga Málarans, sem þá var eins konar fjölmíðill, er borgarbúar höfðu aðgang að, alveg eins og Rafskinnu Gunnars Bachmanns, sem var stór rafmagnsbók, full af haglega teiknum og lituðum auglýsingum, en hún var í Skemmuhlugganum hjá Harald. Þar voru einnig sýnd málverk og til dæmis sýndi Svavar Guðnason þar fyrst eftir sig myndir og Markus Ivarsson, forstjóri í Héðni, stóðst auðvitað ekki freistinguna og keypti sýninguna þar alla, en hann fór stundum illa með peninga, að mörgum fannst þá. Var alltaf með málverk á pedalanum, þegar borgað var út í Héðni.

Önnur minnisstæð sýning, eða sýningar frá þeirri tíð, var þegar Arreboe Clausen sýndi málverk eftir sig í Málaraglugganum.

Það var dálítið óvenjulegt, því hann keyrði ráðherrana, og var ekki málari í þeim akademiska skilningi sem þá var ríkjandi hér. Hann var fristundamálari, eða þvottahúsmálari, eins og það er stundum nefnt núna, þegar allir mála meira og minna. Fristundamálarar voru þá að mig minnir aðeins tveir í landinu, svo ég vissi, Arreboe Clausen og Magnús, dósent, sem svo var nefndur en hann var ráðherra þegar ég

var strákur, en lengst af prófessor í guðfræði við Háskólann. Aðra vissi ég ekki um, annað en ég hafði heyrð að gamla biskupinn, Jón Helgason, hefði málað flott málverk og þeim átti ég síðar eftir að kynna. Ég hékk langtímum saman við þessa glugga og það gjörðu margir fleiri.

Það má vera til marks um álit manna á þessari aukamálingu í landinu að í engu upppláttariti, er ég hefi undir höndum, er á það minnst að þeir Magnús og Jón hefðu verið myndlistarmenn, en allt er talið er þeir rituðu. Orðið var nefnilega stærra, þá einkum hið lærða og prentaða orð.

Astæðan til þess að ég rifja þetta upp er sú að nú sýnir Haukur Clausen, tannlæknir, sínar myndir að Kjarvalsstöðum en hann er sonur Arreboe Clausen og einhver veginn stóðu þessar gömlu myndir úr Málaraglugganum svo ljóslifandi fyrir hugskotssjónum mínum, þegar mér var sagt að Haukur fengist við myndlist.

Hygg ég að hann hafi erfð þar listfengi föður síns, sem var að mínu mati all fær, ekki síður en guðfræðingarnir tveir sem nú eru smám saman að fá pláss í listasögunni, eftir að byrjað er að taka meira mark á málverkum manna er hafa annars litla skólagöngu í listum.

Þessi grunur minn var reyndar staðfestur, er ég las það einhvers staðar, að Haukur hefði fyrst fengið að fara með liti föður síns, þegar hann var barn að aldri.

Sýning Hauks Clausen

Það var því sannarlega með ljúfar endurminningar í huga, um þessa ágætu menn er minnst var

á hér að framan, að ég fór að skoða sýningu Hauks Clausen að Kjarvalsstöðum. Og kannski hefði hann líka sýnt í Málaraglugganum, eða í glugganum með rafmagnsbókinni, ef hann hefði verið fyrr á ferðinni eða áður meðan það heyrði meira undir sérvisku en myndlist að ólærðir menn væru að fönndra við myndlist. Básaskipting og stéttaskipting var nefnilega afmarkaðri þá en núna.

Haukur sýnir þarna nær allt sitt listverk á þessu sviði, er mér sagt, það er að segja frá því að hann telur sig byrja að ná viðunandi árangri til dagsins í dag.

Hann málar með oliulitum og vatnslitum, og hann notar fristundir frá erli lækninganna til að mála þessar myndir. Myndir hans eru flestar af landslagi, og margar eru af frægum stöðum, þannig að hver og einn getur borðið saman við einhverja staði.

Í þessum myndum, mörgum hverjum er að finna þá gleði er maður fann í Málaraglugganum hjá föður hans, eða sköpunargleði og næmt auga fyrir kyrrlátri fegurð. Besta myndin á sýningunni finnst mér þó stór, rauð abstraktmynd, sem mun vera í eigu bróður hans, ef ég tók rétt eftir. Af öðrum myndum, held ég mest upp á vatnsliti Hauks, einkum í minni myndum hans, eða smámyndum. Þar nær hann að mínu mati feta fram en í öðrum myndum.

Haukur er ekki maður nýjunga í málverki, þótt hann sé það í sínu sérfrægi, að mér er sagt, framsækinn og fær. Hann fer hina trúðu slóð. Í tækni hefur hann náð ótrúlega langt innan þess sviðs er hann vinnur á í myndlist, og sýning hans hefur vakið verðskuld-